



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

## Fundargerð.

296. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 15. febrúar 2012 kl. 9<sup>00</sup> f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Sverrir Sigurjónsson í fjarveru Harðar Óla Guðmundssonar

Ingvar G. Ingvarsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

### 1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. febrúar 2012.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. febrúar 2012 liggur frammi á fundinum.*

### 2. Þriggja ára fjárhagsáætlun, seinni umræða.

*Fyrir liggur 3ja ára fjárhagsáætlun og eru helstu lykiltölur samstæðureikningsins í þúsundum króna:*

	2013	2014	2015
Tekjur	552.271	559.268	566.965
Gjöld	504.408	506.912	507.382
Fjármagnsgjöld	37.549	39.441	37.639
Rekstrarafgangur	10.314	12.914	21.944
Eignir	1.652.087	1.619.839	1.595.638
Skuldir	927.697	882.535	836.390
Eigið fé	724.389	737.304	759.248
Fjárfestingar (nettó)	140.000	20.000	10.000

*Sveitarstjórn samþykkir framlagða 3ja ára áætlun Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir árin 2013-2015.*

### 3. Hringtorgið á Borg.

*Fyrir liggur tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í breytingunni felst að lega og útfærsla hringtorgs Sólheimavegar og Biskupstungnabrautar breytist í samræmi við endurskoðuð hönnunargögn. Þá er gert ráð fyrir að nýjum undirgöngum undir Biskupstungnabraut austan hringtorgs auk fráreinar inn á Biskupstungnabraut, vestan hringtorgs, frá verslun og Gömlu-Borg. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynning fellur niður þar sem breytingin felur ekki í sér íþyngjandi breytingar*



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

fyrir hagsmunaaðila á svæðinu heldur er verið að koma til móts við ábendingar sem komið hafa fram s.s. um örugga göngutengingu við golfvallarsvæði og betri tengingu frá verslunarsvæði út á Biskupstungnabraut.

Einnig eru lögð fram drög að samkomulagi milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Vegagerðarinnar vegna framkvæmdanna á hringtorgi við Borg. Afgreiðslu samkomulagsins frestað.

#### **4. Viljayfirlýsing um úthlutun lóðar undir hótélbyggingu.**

Fyrir liggja drög að viljayfirlýsingu um úthlutun lóðar fyrir hótélbyggingu í landi sveitarfélagsins að Minni Borg. Sveitarstjórn felur oddvita að undirrita viljayfirlýsinguna í samræmi við fyrirliggjandi drög. Sveitarstjórn áréttar að það sé ekki sveitarfélagsins að reka golfvöll.

#### **5. Beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“.**

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins, dags. 31. janúar 2012, að fjárhæð kr. 25.000 til verkefnisins „Bændur græða landið“. Sveitarstjórn samþykkir að veita þennan styrk.

#### **6. Erindi frá Þroskahjálpar á Suðurlandi.**

Fyrir liggur erindi frá stjórn Þroskahjálpar á Suðurlandi, dags. 14. janúar 2012, þar sem óskað er eftir upplýsingum um stöðu mála gagnvart fötluðum einstaklingum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn vísar erindinu til Velferðarnefndar Árneshings. Guðmundur Ármann tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

#### **7. Landskipi, ósk um staðfestingu Grímsnes- og Grafningshrepps.**

Fyrir liggur bréf, dags. 7. febrúar 2012, frá Tómasi Jónssyni f.h. Sigurðar Hannessonar þar sem óskað er eftir samþykki sveitarfélagsins á fyrirhuguðum landskiptum á 1.000 m<sup>2</sup> lóð úr landi Villingavatns. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

#### **8. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014.**

Þingsályktunartillagan lögð fram.

#### **9. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022.**

Þingsályktunartillagan lögð fram.

#### **10. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011-2014.**

Þingsályktunartillagan lögð fram.

#### **11. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn tillögu til þingsályktunar um tólf ára samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022.**

Þingsályktunartillagan lögð fram.



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

**12. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014.**

*Pingsályktunartillagan lögð fram.*

**13. Bréf frá Hilmari Baldurssyni hdl. f.h. eigenda fasteigna í Sogsbakkahverfi vegna aðkomu að Fljótsbakkahverfi.**

*Fyrir liggur bréf frá Hilmari Baldurssyni hdl. f.h. eigenda fasteigna í Sogsbakkahverfi, dags. 6. febrúar 2012, um breytta aðkomu að Fljótsbakkahverfi. Þar sem umrædd framkvæmd er deiliskipulagsskyld og háð samþykki skipulags- og byggingarnefndar vill sveitarstjórn beina því til eigenda fasteigna í Sogsbakkahverfi að vera í samvinnu við skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps varðandi legu vegarins ef til þess kemur.*

**14. Bréf frá Vinnumálastofnun um að sveitarfélagið heimili gjaldfrjálsan aðgang atvinnuleitenda að sundlaug sveitarfélagsins.**

*Fyrir liggur bréf frá Vinnumálastofnun, dags. 8. febrúar 2012, um að sveitarfélagið heimili gjaldfrjálsan aðgang atvinnuleitenda að sundstöðum sveitarfélagsins gegn framvísun sundkorts Vinnumálastofnunar. Sveitarstjórn hafnar erindinu.*

**Til kynningar**

- ✓ SASS. Fundargerð 453. stjórnarfundar 03.02 2012.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 212. stjórnarfundar 01.02 2012.
- ✓ Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 137. stjórnarfundar 08.02 2012.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 793. stjórnarfundar, 27.01 2012.
- ✓ Sesseljuhús umhverfissetur, ársskýrsla 2011.
- ✓ Bréf frá þingmönnum Hreyfingarinnar vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:00